

Jeratún ehf.

Árshlutareikningur

1/1-30/6 2009

Jeratún ehf.
Grundargötu 30
350 Grundarfjörður
kt. 501203-2030

Jeratún ehf.

Árshlutareikningur

1/1-30/6 2009

Efnisyfirlit

| | |
|----------------------------------|------|
| Áritun endurskoðenda | 2 |
| Skýrsla stjórnar | 3 |
| Rekstrarreikningur | 4 |
| Efnahagsreikningur | 5-6 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 7 |
| Yfirlit um breytingar á eigin fé | 8 |
| Skýringar | 9-17 |

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa í Jeratún ehf.

Við höfum kannað árs hlutareikning Jeratúns ehf. fyrir tímabilið 1/1-30/6 2009. Árs hlutareikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, yfirlit um breytingar á eigin fé og skýringar. Árs hlutareikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Ábyrgð okkar felst í þeirri yfirlýsingu sem við gefum um árs hlutareikninginn á grundvelli könnunarinnar.

Við könnuðum árs hlutareikninginn eftir þeim endurskoðunarvenjum á Íslandi sem við eiga þegar um könnun er að ræða. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga könnuninni þannig að nokkuð góð víska fái um að árs hlutareikningurinn sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Könnun felur einkum í sér fyrirspurnir til starfsmanna félagsins, greiningu á helstu liðum árs hlutareikningsins, auk samanburðar á kennitölum. Könnun veitir því minni vissu um árs hlutareikninginn en þegar um endurskoðun er að ræða. Við höfum ekki framkvæmt endurskoðun og látum því slíkt álit ekki í ljós á árs hlutareikningnum.

Við könnun okkar kom fram að félagið var rekið með um 17,0 milljóna króna tapi á tímabilinu og er eigið fé félagsins neikvætt um rúmar 40,5 milljónir króna í lok tímabilsins, þrátt fyrir 38 milljón króna hlutafjárukningu á tímabilinu. Veltufjármunir félagsins í árslok nema um 18,7 milljónum króna en skammtímaskuldir félagsins nema um 45 milljónum króna og er veltufjárhlutfallið 0,42. Sökum bágrar fjárhagsstöðu félagsins er ljóst að nokkur óvissa er um rekstrarhæfi félagsins og ljóst að leigutekjur Jeratúns sem greiddar eru af ríki og þeim sveitarfélögum sem standa að rekstri Jeratúns standa ekki undir rekstri félagsins til að Jeratún geti staðið við skuldbindingar sínar en í árs hlutareikningi félagsins er skráning eigna og skulda í efnahagsreikningi miðuð við áframhaldandi starfsemi.

Könnun okkar leiddi ekki annað í ljós, að fyrir utan þau atriði sem nefnd eru í kaflanum fyrir ofan, en að árs hlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins fyrir tímabilið 1/1-30/6 2009, efnahag þess 30. júní 2009 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1/1-30/6 2009, í samræmi við settar reikningsskilareglur á Íslandi.

Grundarfirði, 24. ágúst 2009

Deloitte hf.

Jónas Gestur Jónasson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Tap Jeratúns ehf. á tímabilinu 1/1-30/6 2009 nam kr. 17.031.401. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 475.767.425, eigið fé í árslok er neikvætt um kr. 40.468.810 og er eiginfjárlutfall félagsins -8,51%.

Í lok tímabilsins voru hluthafar í félaginu 4 eins og í upphafi árs. Hlutfé í Jeratúni ehf. er kr. 102.500.000 sem skiptist þannig:

Stykkishólmsbær kr. 27.675.000
Grundarfjarðarbær kr. 28.700.000.
Snæfellsbær kr. 45.100.000
Helgafellssveit kr. 1.025.000.

Stjórn félagsins vísar í árshlutareikninginn um ráðstöfun á tapi tímabilsins.

Að álitum stjórnar Jeratúns ehf. koma fram í árshlutareikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í lok tímabilsins, rekstrarárangri tímabilsins og fjárhagslegri þróun á tímabilinu. Stjórn Jeratúns ehf. staðfesta hér með árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1/1-30/6 2009 með undirritun sinni.

Grundarfirði, 24. ágúst 2009

I stjórn

Ásgeir Valdimarsson
Stjórnarformaður

Kristinn Jónasson

Erla Friðriksdóttir

Rekstrarreikningur tímabilsins 1/1-30/6 2009

| | Skýr. | 1/1-30/6 2009 | 1/1-30/6 2008 |
|-----------------------------------|-------|----------------------------|----------------------------|
| Rekstrartekjur | | 19.206.674 | 16.641.017 |
| Annar rekstrarkostnaður | | (2.383.111) | (5.105.711) |
| Afskriftir | 6 | (2.392.824) | (2.376.317) |
| Rekstrarhagnaður (tap) | | <u>14.430.739</u> | <u>9.158.989</u> |
| Fjármunatekjur | 3 | 43.155 | 18.669 |
| Fjármagnsgjöld | 4 | (31.505.295) | (49.463.001) |
| Hagnaður (tap) tímabilsins | | <u><u>(17.031.401)</u></u> | <u><u>(40.285.343)</u></u> |

Efnahagsreikningur

| Eignir | Skýr. | 30.06.2009 | 31.12.2008 |
|------------------------------------|-------|--------------------|--------------------|
| Fastafjármunir | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 6 | 457.057.493 | 459.450.317 |
| | | <u>457.057.493</u> | <u>459.450.317</u> |
| Veltufjármunir | | | |
| Aðrar skammtímakröfur | 7 | 10.728 | 6.414 |
| Handbært fé | 7 | 8.059.204 | 3.630.664 |
| Ógreitt hlutafjárloford | | 10.640.000 | 0 |
| | | <u>18.709.932</u> | <u>3.637.078</u> |
| | | | |
| Eignir | | <u>475.767.425</u> | <u>463.087.395</u> |

30. júní 2009

| Eigið fé og skuldir | Skýr. | 30.06.2009 | 31.12.2008 |
|---|-------|---------------------|---------------------|
| Eigið fé | 8 | | |
| Hlutfé | | 102.500.000 | 64.500.000 |
| Ójafnað tap | | (142.968.810) | (125.937.409) |
| Eigið fé | | <u>(40.468.810)</u> | <u>(61.437.409)</u> |
| Langtímaskuldir og skuldbindingar | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 9 | 471.277.898 | 477.151.896 |
| | | <u>471.277.898</u> | <u>477.151.896</u> |
| Skammtímaskuldir | | | |
| Viðskiptaskuldir | 11 | 1.076.890 | 1.174.389 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 11 | 36.162.925 | 35.658.000 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 11 | 7.718.522 | 10.540.519 |
| | | <u>44.958.337</u> | <u>47.372.908</u> |
| Skuldir | | <u>516.236.235</u> | <u>524.524.804</u> |
| Eigið fé og skuldir | | <u>475.767.425</u> | <u>463.087.395</u> |

Yfirlit um sjóðstreymi tímabilsins 1/1-30/6 2009

| | Skýr. | 1/1-30/6 2009 | 1/1-30/6 2008 |
|--|-------|------------------|--------------------|
| Rekstrarhreyfingar | | | |
| Hagnaður (tap) tímabilsins | | (17.031.401) | (40.285.343) |
| Afskriftir | | 2.392.824 | 2.376.317 |
| Verðhækkun langtímaskulda | | 18.223.617 | 35.380.879 |
| Veltufé frá (til) rekstri | | 3.585.040 | (2.528.147) |
| Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun) lækkun | | (4.314) | 4.178.521 |
| Rekstrartengdar skuldir hækkun (lækkun) | | (2.919.496) | (5.594.423) |
| Handbært fé frá (til) rekstri | | 661.230 | (3.944.050) |
| | | | |
| Fjármögnunarhreyfingar | | | |
| Afborganir langtímaskulda | | (23.592.690) | (19.112.613) |
| Innborgað hlutfé | 8 | 27.360.000 | 7.000.000 |
| Hækkun (lækkun) á skammtímask við lánast. | | 0 | 16.056.609 |
| | | 3.767.310 | 3.943.996 |
| Hækkun (lækkun) handbærs fjár | | 4.428.540 | (54) |
| Handbært fé í upphafi árs | | 3.630.664 | 122.914 |
| Handbært fé í lok tímabils | | 8.059.204 | 122.860 |

Yfirlit yfir breytingar á eigin fé félagsins

| | Hlutfé | Óráðstafað eigið fé | Samtals eigið fé |
|---------------------------------|-------------|------------------------|---------------------|
| Eigið fé 1.1.2008..... | 32.500.000 | (51.580.209) | (19.080.209) |
| Upptaka alþjóðlegra staðla..... | 0 | 0 | 0 |
| Eigið fé 1.1.2008 IFRS..... | 32.500.000 | (51.580.209) | (19.080.209) |
| Hagnaður (tap) ársins..... | 0 | (74.357.200) | (74.357.200) |
| Aukning hlutfjár..... | 32.000.000 | 0 | 32.000.000 |
| Eigið fé 31.12.2008 IFRS..... | 64.500.000 | (125.937.409) | (61.437.409) |
| Eigið fé 1.1 2009..... | 64.500.000 | (125.937.409) | (61.437.409) |
| Upptaka alþjóðlegra staðla..... | 0 | 0 | 0 |
| Eigið fé 1.1 2009 IFRS..... | 64.500.000 | (125.937.409) | (61.437.409) |
| Hagnaður (tap) tímabilsins..... | 0 | (17.031.401) | (17.031.401) |
| Aukning hlutfjár..... | 38.000.000 | 0 | 38.000.000 |
| Eigið fé 30.06.2009 IFRS..... | 102.500.000 | (142.968.810) | (40.468.810) |

Skýringar

1. Starfsemi

Jeratún ehf. er einkahlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.

Jeratún ehf. á og leigir út skólahúsnæðið að Grundargötu 44.

2. Reikningsskilaaðferðir

2.1 Yfirlýsing um beitingu alþjóðlegra reikningsskilaða

Árshlutareikningur Jeratún ehf. er gerður í samræmi við nýja og endurbætta staðla (IFRS/IAS) og túlkanir (IFRIC) sem tóku gildi á reikningssárinu. Þessir staðlar og túlkanir eru:

IAS 39 - *Fjármálagerningar: Skráning og mat* (endurbættur 2008).

IFRIC 11 - *IFRS 2 - Færslur vegna samstöðu og eigin hlutabréfa*

IFRIC 12 - *Ívilnanir frá óþinberum aðilum vegna þjónustusamninga*

IFRIC 14 - *IAS 19 - Takmörkun á réttindatengdum eignum, kvæðir um lágmarksfjármögnun og samþil þeirra*

Innleiðing á ofangreindu hefur ekki leitt til breytinga á reikningsskilum félagsins.

2.2 Nýir reikningsskilaðlar og túlkanir

Við samþykkt þessa ársreiknings hafa eftirfarandi nýjir eða endurbættir staðlar og túlkanir verið samþykktir, en ekki tekið

IFRS 2 (endurbættur) - *Eignarhlutatengd greiðsla* (tekur gildi fyrir uppgjörstímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar);

IFRS 3 (endurbættur) - *Sameining félaga* (tekur gildi fyrir uppgjörstímabil sem hefjast 1. júlí 2009 eða síðar);

IFRS 8 - *Starfsþáttayfirlit* (tekur gildi fyrir uppgjörstímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar);

IAS 1 (endurbættur) - *Framsetning reikningsskila* (tekur gildi fyrir uppgjörstímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar);

IAS 23 (endurbættur) - *Lántökukostnaður* (tekur gildi fyrir uppgjörstímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar);

IAS 27 (endurbættur) - *Samstöðureikningssköl og aðgreind reikningssköl* (tekur gildi fyrir uppgjörstímabil sem hefjast 1. júlí 2009

IAS 39 (endurbættur) - *Fjármálagerningar: skráning og mat* (tekur gildi fyrir uppgjörstímabil sem hefjast 1. júlí 2009 eða síðar);

Ýmsir staðlar - *Minniháttar breytingar voru gerðar á ýmsum stöðlum vegna árlegra endurbóta Alþjóðlegra reikningsskilanefndarinnar* (flestar breytinganna taka gildi fyrir uppgjörstímabil sem hefjast 1. júlí 2009 eða síðar).

IFRIC 13 - *Tryggðarkerfi viðskiptavina* (tekur gildi fyrir uppgjörstímabil sem hefjast 1. júlí 2008 eða síðar);

IFRIC 15 - *Samningar um byggingu fasteigna* (tekur gildi fyrir uppgjörstímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar);

IFRIC 16 - *Ábattuvörn vegna nettó fjárfestingar í erlendri starfsemi* (tekur gildi fyrir uppgjörstímabil sem hefjast 1. október 2008

IFRIC 17 - *Úthlutun eigna til hluthafa, í öðru en reiðufé* (tekur gildi fyrir uppgjörstímabil sem hefjast 1. júlí 2009 eða síðar);

Innleiðing IAS 1 (endurbættur) - *Framsetning reikningsskila* felur í sér að sýna þarf sérstaklega heildarafkomu (e. comprehensive income) en með heildarafkomu er átt við breytingar á eigin fé aðrar en færslur sem tengjast hluthöfum. Heimilt er að setja fram yfirlit yfir heildarafkomu á tvo vegu. Annars vegar er heimilt að bæta viðeigandi eigin fjár hreyfingum við hefðbundinn rekstrarreikning og draga þannig fram heildarafkomu, hins vegar er heimilt að birta yfirlit yfir heildarafkomu í sérstöku töluþyrliti til viðbótar við hefðbundinn rekstrarreikning.

Innleiðing IAS 23 (endurbættur) - *Lántökukostnaður* felur í sér að ekki er lengur heimilt að gjaldfæra lántökukostnað sem tengist kaupum, byggingu eða framleiðslu á eignfærsluhæfri eign (e. qualifying asset) og því skylda að eignfæra hann sem hluta af kostnaðarverði viðkomandi eignar. Allan annan lántökukostnað skal gjaldfæra.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

2.2 Nýir reikningsskilastaðlar og túlkarnir (framhald)

Innleiðing IFRS 3 (endurbættur) - *Sameining félaga* felur í sér að í stað þess að eignfæra kostnað sem beint tengist kaupum/sameiningu félaga ber að gjaldfæra slíkan kostnað þegar hann fellur til. Innleiðing á staðlinum getur einnig haft í för með sér breytingu á færslu viðskiptavildar tengdri hlutdeild minnihluta, meðferð á kaupum í skrefum (e. step acquisition) og meðferð á sölu hluta í dótturfélögum.

Innleiðing á staðlinum mun væntanlega hafa áhrif á reikningsskil félagsins.

Stjórnendur gera ráð fyrir að almennt muni innleiðing ofangreindra staðla og túlkana ekki hafa veruleg áhrif á reikningsskil félagsins á því tímabili sem innleiðing þeirra á sér stað, að undanskildu auknum kröfum um upplýsingar um starfsþætti í skýringum sem innleiðing IFRS 8 - *Starfsþættir* hefur í för með sér. Af ofangreindum endurbættum eða nýjum stöðlum og nýjum túlkunum sem alþjóðlega reikningsskilanefndin hefur samþykkt, er það eingöngu IFRS 8 sem hefur fengið samþykki Evrópusambandsins.

2.3 Grundvöllur reikningsskilanna

Við gerð árs hlutareikningsins þurfa stjórnendur í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla að gefa sér forsendur og framkvæma ýmis mót sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld ársins. Raunveruleg verðmæti kunna að vera með öðrum hætti en mat stjórnenda.

Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum og fjárhæðir birtar í þúsundum. Hann byggir á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskyldu að fjáreignir eru færðar á gangvirði. Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

2.3.1 Áhættustjórnun

Stefna félagsins er að takmarka almenna áhættuþætti í rekstri félagsins. Í skýringu 11 má sjá umfjöllun um áhættu sem tengist fjármálagerningum félagsins.

2.3.2 Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við IFRS.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

2.3.3 Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningstímabils. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

2.3.4 Fjármagnskostnaður

Fjármagnskostnaður samkvæmt IAS 23 er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til

2.3.5 Tekjuskattsáhrif

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggist á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 15%.

Tekið er tillit til áhrifa af breytingu efnahagsliða á frestaðan tekjuskatt eftir því sem við á hverju sinni.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil hennar. Ekki er færð upp tekjuskattsinnægn hjá félaginu vegna yfirfæranlegs skattalegs taps þar sem ekki eru líkur á að félagið skili skattalegum hagnaði til að geta nýtt yfirfæranlega tapið.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

2.3.6 Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar á áreiðanlegan hátt. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar þannig að afskriftarstofni er deilt niður á áætlaðan nýtingartíma viðkomandi eignar. Afskriftastofn samanstendur af stofnverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum að teknu tilliti til hrakvirðis. Á hverjum reikningsskiladegi meta stjórnendur vænt hrakvirði og nýtingartíma.

2.3.7 Verðbréf

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem ætlun er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

2.3.8 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta þeirri virðisrýmun sem kann að myndast ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

2.3.9 Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og lántökukostnaði. Eftirstöðvar nafnverðs eru reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð yfir rekstrarreikning á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður er færður til gjalda á líftíma skuldar miðað við aðferð virkra vaxta.

2.3.10 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

2.3.11 Handbært fé

Handbært fé samanstendur af lausu fé og óbundnum bankainnistæðum.

2.3.12 Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að samstæðan verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekens atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð þeirra með áreiðanlegum hætti.

3. Fjármunatekjur

| | <u>1/1-30/6 2009</u> | <u>1/1-30/6 2008</u> |
|-------------------------|----------------------|----------------------|
| Aðrar vaxtatekjur | 43.155 | 18.669 |
| | <u>43.155</u> | <u>18.669</u> |

Skýringar

4. Fjármagnsgjöld

| | 1/1-30/6 2009 | 1/1-30/6 2008 |
|--|---------------------|---------------------|
| Vaxtagjöld af skammtímaskuldum við lánastofnanir | (420.568) | (1.038.778) |
| Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum | (30.907.309) | (48.027.041) |
| Önnur vaxtagjöld | (177.418) | (397.182) |
| | <u>(31.505.295)</u> | <u>(49.463.001)</u> |

5. Skattamál

Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts á árinu 2010 þar sem tekjuskattstofn félagsins er neikvæður.

6. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

| | Fasteignir og lóðir |
|-------------------------------------|---|
| Kostnaðarverð | |
| Staða 1. janúar 2008..... | 475.263.383 |
| Eignfært á árinu..... | <u>3.301.400</u> |
| Staða 1. janúar 2009..... | 478.564.783 |
| Eignfært á árinu..... | <u>0</u> |
| Staða 30. júní 2009..... | <u>478.564.783</u> |
| Afskriftir | |
| Staða 1. janúar 2008..... | 14.348.075 |
| Afskrift ársins..... | <u>4.766.391</u> |
| Staða 1. janúar 2009..... | 19.114.466 |
| Afskrift tímabilsins..... | <u>2.392.824</u> |
| Staða 30. júní 2009..... | <u>21.507.290</u> |
| Bókfært verð | |
| Bókfært verð 31. desember 2008..... | <u>459.450.317</u> |
| Bókfært verð 30. júní 2009..... | <u>457.057.493</u> |
| Afskriftarhlutföll..... | 1% |
| | <u>Fasteignamat</u> <u>Vátrygginga-</u> <u>mat</u> |
| Fasteignir og lóðir | 189.700.000 574.270.000 |

Félagið hefur veðsett fasteignir og lóðir til tryggingar á skuldum við lánastofnanir. Í lok tímabilsins nemur bókfært verð veðsettra eigna 457,0 milljónum króna og eftirstöðvar áhvilandi lána nema 507,4 milljónum króna.

Skýringar

7. Aðrar peningalegar eignir

Aðrar skammtímakröfur

| | 30.06.2009 | 31.12.2008 |
|-----------------------------|------------|------------|
| Fjármagnstekjuskattur | 10.728 | 6.414 |

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

| | 30.06.2009 | 31.12.2008 |
|---|------------|------------|
| Bankainnstæður í íslenskum krónum | 8.059.204 | 3.630.664 |

8. Hlutfé

Hlutfé greinist þannig:

| | Hlutir | Hlutfall | Fjárhæð |
|------------------------------------|-------------|----------|-------------|
| Heildarhlutfé í ársbyrjun | 64.500.000 | 62,9% | 64.500.000 |
| Hlutfjáráukning | 38.000.000 | 37,1% | 38.000.000 |
| Heildarhlutfé í lok tímabils | 102.500.000 | 100,0% | 102.500.000 |

Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

| | Hlutfé | Ójafnað tap | Samtals |
|--------------------------------|-------------|----------------|--------------|
| Eigið fé 1.1.2009 | 64.500.000 | (125.937.409) | (61.437.409) |
| Nýtt hlutfé | 38.000.000 | | 38.000.000 |
| Hagnaður/tap tímabilsins | | (17.031.401) | (17.031.401) |
| Eigið fé 30.06.2009 | 102.500.000 | (142.968.810) | (40.468.810) |

9. Langtímaskuldir

| | Skuldir við lánastofnanir | |
|---|---------------------------|--------------|
| | 30.06.2009 | 31.12.2008 |
| Skuldir í ISK | 507.440.823 | 512.809.596 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 507.440.823 | 512.809.596 |
| | (36.162.925) | (35.658.000) |
| Langtímaskuldir í lok tímabils | 471.277.898 | 477.151.596 |

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

| | Skuldir við lánastofnanir |
|---------------------------------------|------------------------------|
| Næsta tímabils afborganir | 36.162.925 |
| Afborganir 1/7 2010 - 30/6 2011 | 36.162.925 |
| Afborganir 1/7 2011 - 30/6 2012 | 36.162.925 |
| Afborganir 1/7 2012 - 30/6 2013 | 36.162.925 |
| Afborganir 1/7 2013 - 30/6 2014 | 36.162.925 |
| Afborganir síðar | 326.626.198 |
| | 507.440.823 |

Skýringar

10. Aðrar peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir

| | 30.06.2009 | 31.12.2008 |
|----------------------------------|------------|------------|
| Innlendar viðskiptaskuldir | 1.076.890 | 1.174.389 |

Aðrar skammtímaskuldir

| | 30.06.2009 | 31.12.2008 |
|---------------------------------|------------------|-------------------|
| Virðisaukaskattur | 1.595.775 | 1.783.305 |
| Ógreiddir áfallnir vextir | 6.122.747 | 8.757.214 |
| | <u>7.718.522</u> | <u>10.540.519</u> |

Næsta árs afborganir langtímaskulda

| | 30.06.2009 | 31.12.2008 |
|---------------------------------|------------|------------|
| Skuldir við lánastofnanir | 36.162.925 | 35.658.000 |

11. Greining á áhættu tengdri fjármálagerningum

Fjárhagsáhætta

Félagið býr við fjárhagsáhættu sem tengist fjármálagerningum félagsins. Stærsti áhættuliðurinn er lausafjárahætta. Stjórnendur félagsins fylgjast stöðugt með þróun mála og grípa til aðgerða sé þess þörf.

Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðar sjóðsflæði fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á markaðsvöxtum. Vaxtaberandi skuldir félagsins eru verðtryggðar með föstum vöxtum. Vaxtaberandi skuldir eru því metnar á afskrifuðu kostnaðarverði í bókum félagsins. Breytingar á markaðsvöxtum hafa því ekki áhrif á bókfærða stöðu eða sjóðstreymi félagsins. Þar sem skuldarnar eru verðtryggðar þá hefur þróun neyslúvísitölu áhrif á bókfærða stöðu lánanna og sjóðstreymi tengt þeim.

Gengisáhætta gjaldmiðla

Gengisáhætta gjaldmiðla er áhættan af því að gangvirði eða framtíðar sjóðsflæði fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á gengi gjaldmiðla. Gengisáhættan myndast þegar mismunur er á stöðu eigna og skulda í erlendum gjaldmiðli. Þar sem félagið á hvorki erlendar eignir né skuldar í erlendra mynt þá býr það ekki við gengisáhættu gjaldmiðla.

Útlánaáhætta

Hámarksútlánaáhætta greinist þannig

| | Bókfærð staða | |
|-----------------------------|-------------------|------------------|
| | 30.06.2009 | 31.12.2008 |
| Aðrar skammtímakröfur | 10.650.728 | 6.414 |
| Handbært fé | 8.059.204 | 3.630.664 |
| | <u>18.709.932</u> | <u>3.637.078</u> |

Skýringar

11. Greining á áhættu tengdri fjármálagerningum (framhald)

Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er sú áhætta sem felst í því tapi sem félagið gæti orðið fyrir vegna þess að það getur ekki staðið við skuldbindingar sínar á réttum tíma. Félagið fylgist með lausafjárstöðu sinni með greiningu á gjalddaga fjáreigna og skulda til að geta endurgreitt allar skuldir á gjalddaga. Reglulega er fylgst með stöðu lausafjár, þróun sem orðið hefur og hvaða áhrif staða markaða og framtíðarhorfur geta haft á félagið.

Taflan hér að neðan sýnir gjalddagagreiningu á skuldir félagsins ásamt þeim lausu eignum sem félagið á til ráðstöfunar. Meðal eigna í lok tímabils eru bankainnistæður og krafa á tengt félag, báðar eru þessar eignir lausar en hafa ekki gjalddaga. Væntar vaxtagreiðslur eru ekki teknar með í töfluna, eingöngu endurgreiðsla höfuðstóls. Eins og taflan sýnir þá á félagið ekki lausar eignir til að standa undir væntu fjárústreymi og því þarf félagið að treysta á að reksturinn skili nægu fjárinnstreymi til þess að standa undir greiðslubyrðinni.

| | 1/7-30/6 2010 | 1/7-30/6 2011 | 1/7-30/6 2012 | 1/7 2012+ | Samtals |
|-------------------|---------------|---------------|---------------|-------------|-------------|
| 30.06 2009 | | | | | |
| Skuldir | 44.958.337 | 36.162.925 | 36.162.925 | 398.952.048 | 516.236.235 |
| Eignir | 18.709.932 | | | | 18.709.932 |
| Nettó staða | 26.248.405 | 36.162.925 | 36.162.925 | 398.952.048 | 497.526.303 |
| | 2009 | 2010 | 2011 | 2012+ | Samtals |
| 31.12 2008 | | | | | |
| Skuldir | 47.372.908 | 35.658.000 | 35.658.000 | 405.835.896 | 524.524.804 |
| Eignir | 3.637.078 | | | | 3.637.078 |
| Nettó staða | 43.735.830 | 35.658.000 | 35.658.000 | 405.835.896 | 520.887.726 |

12. Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla

Félagið innleiddi IFRS í reikningsskil sín í fyrsta skipti í ársreikningi 2007 og var farið eftir fyrirmælum í IFRS1, *First time adoption of IFRS*.

Uppþökudagur IFRS miðast við 1. janúar 2006, en það er dagsetning opnunarefnahagsreiknings. Í innleiðingarferlinu var farið yfir reikningsskil félagsins og dregið saman hvar mismunur væri á reikningshaldslegri meðhöndlun samkvæmt íslenskum ársreikningalögum og fyrirmælum IFRS.

Í ljós kom að í tveim tilvikum var reikningshaldsleg meðhöndlun ekki í samræmi við IFRS, annarsvegar meðferð á lántökukostnaði og hinsvegar aðferð við útreikning fyrninga fastafjármuna.

Lántökukostnaður hefur verið gjaldfærður að fullu við lántöku, en ekki dreift á líftíma láns miðað við aðferð virkra vaxta. Töluleg áhrif vegna þessa eru óveruleg í ársreikningnum og því hafa reikningsskil félagsins ekki verið leiðrétt afturvirkir vegna þessa atriðis. Varðandi útreikning á fyrningu fastafjármuna þá mun aðferðafræðinni verða breytt til samræmis við fyrirmæli IFRS, en líkt og með lántökukostnaðinn eru áhrif breytingar óveruleg.

Innleiðing IFRS leiddi því ekki til neinna tölulegra breytinga á samanburðartölum, en skýringar eru nú fleiri og ítarlegri en verið hefur, auk þess sem sérstakt tveggja ára eiginfjárfirlit er meðal töluyfirlita en ekki innifalið í skýringum líkt og verið hefur.

Skýringar

13. Kennitölur

| Úr rekstrarreikningi | 1/1-30/6 2009 | 1/1-30/6 2008 | 2008 |
|---|---------------|--|---------------|
| Arðsemi | | | |
| Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA) | 16.823.563 | 11.535.306 | 29.057.623 |
| a) Framlegðarhlutfall rekstrar | 0,88 | 0,69 | 0,84 |
| b) Hagnaðarhlutfall | (0,89) | (2,42) | (2,14) |
| a) EBITDA/rekstrartekjur | | b) Hagnaður ársins/rekstrartekjur | |
| Úr efnahagsreikningi | 30.06.2009 | 31.12.2008 | 31.12.2007 |
| Nýting fjármagns | | | |
| c) Veltuhráði eigna | 0,04 | 0,07 | 0,07 |
| d) Veltuhráði viðskiptakrafna | 0,00 | 16,62 | 4,57 |
| c) Rekstrartekjur/meðalstaða heildareigna | | d) Rekstrartekjur/meðalstaða viðskiptakrafna | |
| Greiðsluhæfi | | | |
| e) Lausafjárhlutfall | 0,42 | 0,08 | 0,10 |
| f) Veltufjárhlutfall | 0,42 | 0,08 | 0,10 |
| e) Veltufjármunir án birgða/skammtímaskuldir | | f) Veltufjármunir/skammtímaskuldir | |
| Fjárhagslegur styrkur | | | |
| g) Eiginfjárhlutfall | -4,93% | 2,67% | -4,10% |
| h) Innra virði hlutfjár | (0,23) | 0,20 | (0,59) |
| g) Eigið fé/heildarfjármagn | | h) Eigið fé/hlutfé | |
| Úr sjóðstreymi ársins | 1/1-30/6 2009 | 1/1-30/6 2008 | 2008 |
| i) Skuldaþekja handbærs fjár | 0,00 | (0,01) | 0,01 |
| j) Gæði sölunnar | 0,55 | 1,13 | 1,12 |
| k) Gæði afkomu | (0,04) | 0,10 | 0,08 |
| l) Gæði rekstrarhagnaðar | 0,05 | (0,43) | 0,25 |
| i) Handbært fé frá rekstri/skuldir | | k) Handbært fé frá rekstri/hagnaður | |
| j) Innborgaðar tekjur/bókfærðar tekjur | | l) Handbært fé frá rekstri án vaxta/rekstrarhagnaður | |
| Rekstrargjöld sem hlutfall af rekstrartekjum | 1/1-30/6 2009 | 1/1-30/6 2008 | Breyting |
| Annar rekstrarkostnaður/rekstrartekjur | 12,41% | 30,68% | -18,27% |
| Afskriftir/rekstrartekjur | 12,46% | 14,28% | -1,82% |
| Rekstrargjöld/rekstrartekjur | 44,96% | 20,55% | 24,41% |

Skýringar

14. Sjóðstreymisýfirlit

| | <u>1/1-30/6 2009</u> | <u>1/1-30/6 2008</u> | <u>1/1-30/6 2007</u> | <u>1/1-30/6 2006</u> |
|-----------------------------------|----------------------|----------------------|----------------------|----------------------|
| Hagnaður (tap) tímabilsins..... | (17.031.401) | (40.285.343) | (12.170.645) | (13.974.005) |
| Afskriftir..... | 2.392.824 | 2.376.317 | 2.374.192 | 2.219.846 |
| Reiknaðir fjármagnsliðir..... | <u>18.223.617</u> | <u>35.380.879</u> | <u>11.649.529</u> | <u>18.929.997</u> |
| Hreint veltufé frá rekstri | 3.585.040 | (2.528.147) | 1.853.076 | 7.175.838 |
| Breyting á: | | | | |
| Rekstrartengdum eignum..... | (4.314) | 4.178.521 | 7.251.669 | 5.076.468 |
| Rekstrartengdum skuldum..... | <u>(2.919.496)</u> | <u>5.594.423</u> | <u>(7.040.674)</u> | <u>(3.753.545)</u> |
| Handbært fé frá rekstri | <u>661.230</u> | <u>7.244.797</u> | <u>2.064.071</u> | <u>8.498.761</u> |

Sundurliðanir

| | 1/1-30/6 2009 | 1/1-30/6 2008 |
|--------------------------------|-------------------|-------------------|
| Rekstrartekjur | | |
| Húsaleiga | 19.206.674 | 16.641.017 |
| | <u>19.206.674</u> | <u>16.641.017</u> |
| | | |
| Annar rekstrarkostnaður | | |
| Tryggingar | 838.085 | 673.456 |
| Fasteignagjöld | 745.707 | 2.646.729 |
| Akstur og flutingur | 2.803 | 0 |
| Sérfræðiþjónusta | 0 | 582.104 |
| Endurskoðun | 348.911 | 991.867 |
| Önnur aðkeypt þjónusta | 177.970 | 101.500 |
| Viðhald húsnæðis | 169.635 | 0 |
| Ýmis kostnaður | 100.000 | 110.055 |
| | <u>2.383.111</u> | <u>5.105.711</u> |